

5. gr.

10. gr. stafliður o, liður V orðist svo:

o. Töflur eða hylki, sem innihalda D-vítamín:

„Venjulegur dagsskammtur: 400 a. e.“ Töflur eða hylki, sem innihalda D-vítamín og A-vítamín:

„Venjulegur dagsskammtur A-vítamíns: 5 000 a. e.

Venjulegur dagsskammtur D-vítamíns: 400 a. e.“

6. gr.

Við 10. gr. staflið o bætist nýr liður, XI svohljóðandi:

XI. Lyf í fljótandi formi, sem innihalda hexaklórófen í meira magni en 0.1% skal auðkenna með rauðum bókstöfum á hvítum grunni: „Gætið þess, að lausnir komist ekki í vit, sár eða fleiður.“

7. gr.

Eftirfarandi viðbót verður við Viðauka 1 við reglugerðina (Undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja, skv. 13. gr. a).

Lyf eða lyfja-samsetningar	Samsetningar, er selja má í lausasölu	Athuga-semdir	Dæmi
Chlorquinaldolum	Pasta, smyrslí	Ekki yfir 50 mg/g	

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 7. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Páll Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 31. október 1979 staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að í stað þess að ætla landspildu þá, sem takmarkast af Rauðagerði að sunnan, Tunguvegi að austan en Miklubraut að norðan undir útivistarsvæði, skuli hún hér eftir ráðgerð undir einbýlishús, nema vestasti hlutinn, sem ætlaður er undir iðnað.

Staðfesting þessi er gerð samkvæmt ákvæðum í 19. gr. laga nr. 19/1964 og tilkynnist hér með öllum sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. nóvember 1979.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.